



LANDLÆKNISEMBÆTTIÐ

Sóttvarnalæknir

FARSÓTTAFRÉTTIR

5. árg. 12. tölublað. Desember 2009.

EFNI:

Enn bætist í hóp fíkniefnaneytenda með HIV-sýkingu **1** bls.

Svínainflúensan í rénun - Bólusetningar halda áfram **2** bls.

Ritstjórn
Haraldur Briem sóttvarnalæknir, ábm.
Ása St. Atladóttir
Guðrún Sigmundsdóttir
Þórolfur Guðnason

Ritstjóri
Jónína M. Guðnadóttir

LANDLÆKNISEMBÆTTIÐ
SÓTTVARNALÆKNIR

Austurströnd 5
170 Seltjarnarnes
Sími: 510 1900
Bréfasími: 510 1920

Netfang: mottaka@landlaeknir.is
Veffang: www.landlaeknir.is

Heimilt er að nota efni þessa fréttabréfs, sé heimildir getið.

ENN BÆTIST Í HÓP FÍKNIEFNANEYTENDA MEÐ HIV-SÝKINGU


Það sem af er þessu ári hafa 13 manns greinst með HIV-sýkingu á Íslandi. Af þeim eru þrír karlmenn og tíu konur. Ein kvennanna greindist með alnæmi, lokastig sjúkdómsins, og einn karlmaður lést af völdum hans á árinu. Af þeim sem greindust eru sex Íslendingar, fjórar konur á aldrinum 17–48 ára og tveir karlmenn á aldrinum 21–30 ára. Allar konurnar og annar karlmaðurinn eiga sögu um fíkniefnaneyslu með sprautunotkun í æð (sjá mynd 1). Hin átta sem greindust með HIV-sýkingu eru af erlendu bergi brotin og teljast hafa smitast með kynmökum (sjá mynd 2).

Það er sérstakt áhyggjuefni að flestir Íslendinganna sem greinst hafa á árinu neyta fíkniefna með því að sprauta sig í æð. Á undanförunum 20 árum hafa hlutfallslega fáir fíkniefnaneytendur greinst með HIV-sýkingu hér á landi þar til fyrir tveimur árum að sex einstaklingar í þeim áhættuhópi greindust með sjúkdóminn (sjá mynd 1). Þá var vakin athygli á því í *Farsóttufréttum* að óvenju mörg HIV-tilfelli tengdust fíkniefnaneyslu og líkur leiddar að því að um hósýkingu gæti verið að ræða.

HIV-smit 2007 og 2009


Veirufræðideild Landspítalans vann að samanburði HIV-stofna sem greindust á árinu 2007. Niðurstöður þessara rannsókna sýndu að einungis tveir einstaklingar sem

Fjöldi fíkniefnaneytenda sem greinst hafa með HIV-sýkingu á Íslandi 1989–2009



Mynd 1

Greining HIV-smittaðra eftir árum, smitleiðum og áhættuþegun



Mynd 2

sprautuðu sig reyndust vera með sama veirustofn. Þóttu þessar niðurstöður benda til að ekki hefði verið um eiginlega hósýkingu að ræða meðal fíkniefnaneytenda á því ári. Síðan greindist ekkert smit hjá fíkniefnaneytendum fyrr en á þessu ári að fimm hafa greinst með sýkinguna.

Læknar og hjúkrunarfræðingar smitsjúkdómadeildar Landspítalans telja að tengsl kunni að vera milli þeirra sem greindust á þessu ári og þeirra sem greindust árið 2007. Starfsfólkið hefur einnig vakið athygli á því að harka og virðingarleysi fyrir eigin heilsu

(Framhald bls. 2)

Það sem af er þessu ári hafa 13 manns greinst með HIV-sýkingu á Íslandi. Af þeim eru þrír karlmenn og tíu konur.

og annarra færist í vöxt meðal fíkniefnaneytenda – langt umfram það sem áður hefur sést.

Á Íslandi hefur verið gott aðgengi að sprautum og nálum sem hægt er að kaupa í apótekum gegn vægu verði. Þótt reynt sé að fræða fíkniefnaneytendur um hættuna á að HIV-sýking berist með sprautum og nálum

og ráða þeim heilt þegar þeir koma til meðferðar er fíknin oftast skynseminni yfirsterkari. Rétt er að minna á að engin lækning er til á HIV-sýkingu og alnæmi. Hægt er að hafa hemil á sýkingunni með ævilangri og flókinni lyfjameðferð sem erfitt er að sinna í vímu.

Haraldur Briem

SVÍNAINFLÚENSAN Í RÉNUN – BÓLUSETNINGAR HALDA ÁFRAM

Inflúensufaraldurinn haustið 2009

Mjög hefur dregið úr fjölda þeirra sem greinast með inflúensulík einkennum samkvæmt rafrænni skráningu heilbrigðisþjónustunnar. Samtímis eru innlagnir á sjúkrahús vegna inflúensunnar nú fátíðar.

Sýnum sem send eru í öndunarferagreiningu á rannsóknarstofu Landspítalans í veirufræði hefur fækkað mjög. Síðastliðnar 2–3 vikur hafa borist um 20 sýni vikulega og svínainflúensa (A(H1N1)v 2009) hefur verið staðfest hjá 1–2 einstaklingum í hverri viku.

Enn hefur hins vegar enginn greinst með árlega inflúensu. Aðrar veirur sem greinast af og til um þessar mundir eru parainflúensa-2, enteróveirur og adenóveirur.

Tölulegar upplýsingar um þróun heimsfaraldursins hér á landi er hægt að nálgast á <http://www.influenza.is/Pages/1505>.

Þrátt fyrir þessar tafir hefur bólusetningin hér á landi gengið vel og þann 15. desember höfðu 76.842 einstaklingar verið bólusettir samkvæmt bólusetningagrunni sóttvarnalæknis. Líklegt má telja að útbreidd bólusetning hér á landi hafi átt þátt í að koma í veg fyrir útbreiddan faraldur svínainflúensunnar hér á landi.

Þann 4. desember 2009 höfðu Lyfjastofnun borist 65 tilkynningar um atvik í tengslum við bólusetninguna. Flest atvikin voru væg, en hjá einum einstaklingi komu fram alvarleg ofnæmisviðbrögð skömmu eftir bólusetninguna. Fjöldi tilkynnta atvika hér á landi er í samræmi við tilkynnt atvik erlendis, en tugir milljóna einstaklinga víðs vegar um heiminn hafa verið bólusettir með sama bóluefni og notað er hér á landi. Óhætt er að fullyrða að öryggi svínainflúensubóluefnisins er engu minna en öryggi allra annarra bóluefna.

Aldurshópar (ár)	Fjöldi	Hlutfall (%)
<1	533	0,7
1–9,9	7.154	9,3
10–19,9	6.077	7,9
20–49,9	28.238	36,7
50–69,9	21.908	28,5
≥70	12.932	16,8
Alls	76.842	100

Aldursskipting hinna bólusettu

Bólusetning gegn svínainflúensu

Þann 15. desember 2009 höfðu 112.500 skammtar af bóluefni gegn svínainflúensu verið fluttir hingað til lands, en talsverðar tafir hafa orðið á afhendingu bóluefnisins vegna minni framleiðslugetu framleiðanda en upphaflegar áætlanir gerðu ráð fyrir.

Horfurnar framundan

Allir heimsfaraldrar inflúensu hafa gengið yfir í bylgjum. Ef ekkert er að gert má búast við annarri bylgju svínainflúensunnar síðar í vetur eða næsta haust. Því er lögð áhersla á að bólusetja sem flesta landsmenn á næstu mánuðum til að koma í veg fyrir það.

Guðrún Sigmundsdóttir

Haraldur Briem

Þórolfur Guðnason